

Nemendahestur fyrir fyrsta árið á Hólum

Sem lokapróf í námskeiðinu ÞRH1204 á nemandinn að sýna vel þjálfaðan reiðhest. Hann má vera hvort sem er, klárhestur eða alhliða hestur, en skeiðið er ekki sýnt í lokaprófi. Nemandinn kemur með hestinn með sér á seinni stuttönn haustannar. Hesturinn skal vera a.m.k. 6 v. þegar önnin hefst og helst ekki eldri en 14 v. Mælt er með að þyngd nemandans sé ekki meira en 30% af þyngd hestsins. Við upphaf námskeiðsins þarf nemandinn að framvísa dýralæknisvottorði um að hann sé heilbrigður. Varast skal að koma með hest með sjúkrasögu af álagsmeiðslum.

Gæði

Gæði gangtegunda, hreyfinga sem og þjálfun hestsins mun hafa áhrif á framfarir nemandans og framvindu í náminu. Því betri sem hesturinn er, því meiri árangur næst. Ráðlegt er að vera búin/n að keppa á hestinum en gott viðmið er að hafa náð meistaraflokkseinkunn eða að hesturinn sé líklegur til að ná því á námstímanum. Mikilvægt er að engin gangtegund sé mjög léleg og ekki sé um alvarlegan misstyrk að ræða (t.d. að annað stökkið vanti).

Þjálfunarstig

Hesturinn skal vera vel þjálfður, með grundvallaratriðin í lagi, þ.e. rólegur, stefnufastur, taktgóður, sveigjanlegur. Hann kunni grunnábendingar og fimíæfingarnar framfótasnúning, krossgang og opinn sniðgang. Nemandinn verður að geta sýnt allar gangtegundir á hestinum, nema skeið.

Geðslag o.a.

Hesturinn má ekki vera með hegðunarvandamál svo sem slægð, leti, ofríki, tungubasl, hrekki, kergju, spennu eða hræðsluköst. Hann verður að vera rólegur í umgengni og samstarfsfús. Ekki má koma með ropara eða vefara.

Mat

Nemandanum er frjálst að senda myndband af hesti til umsjónarkennara eða mette@holar.is til að fá bráðabirgðamat á hann. Athugið þá að nemandinn á sjálfur að vera knapi á hestinum, að hafa ekki tónlist undir myndbandinu og að láta allar upplýsingar fylgja, svo sem aldur, keppnisárangur o.s.frv. Á fyrri stuttönn mun einnig standa til boða að láta skoða hestinn á Hólum, þá að frumkvæði nemanda.

Þjálfun reiðhestsins I

Þegar námskeiðið hefst mun nemandinn einnig fá ráðleggingar varðandi gæði hestsins og þjálfunarstig miðað við verkefnið sem hann á að takast á við

Ætlast er til að nemandinn haldi áfram með sama hest í „Þjálfun reiðhestsins II“ (PRH2204).

Lánshestar

Af gefnu tilefni: Ef nemandinn er ekki sjálfur eigandi hestsins, er nauðsynlegt að nemandinn og eigandinn geri [samning um hest til láns](#) í náminu. Þetta á einnig við þó nemandi og eigandi séu í sömu fjölskyldu. Samningseyðublaðið er einnig aðgengilegt á holar.is.